



Þrjátíu kindur settar út í Elliðaey Fjárþændur og úteyjakarlarnir fóru með um þrjátíu kindur út í Elliðaey á föstudag. Þar hefur verið svo lítið um fé undanfarin misseri að úteyjakarlarnir sögðu nauðsynlegt að fá fleira fé þangað til að halda við rollustígum og koma í veg fyrir að baldursbráin yxi þar mikið. Band var sett um kindurnar, þeim lyft úr bátnum og síðan teymdar af stað. Ekki þurfti að hjálpa þeim nema fyrstu metrana, eftir það sáu þær um sig sjálfar og gengu þangað sem grasið er. MYND/ÓSKAR P. FRÍÐRIKSSON

Pinex® Smelt

Munndreifitöflur
250 mg



Actavis



GJAFAKORT BORGARLEIKHÚSSINS

Gjafakort í Borgarleikhúsið er ávísun á einstaka kvöldstund sem aldrei gleymist.

borgarleikhus.is

Háski skemmtiferðaskips er áminning til Íslendinga

Mannbjörg af 10.000 tonna skemmtiferðaskipi, sem hefur verið fastagestur hér við land, er til marks um mikilvægi alþjóðlegs samstarfs Íslands um leit og björgun. Þörf fyrir björgunarmiðstöð á Íslandi segir yfirmaður hjá Landhelgisgæslunni.

ÖRYGGISMÁL. „Þetta sýnir að samstarfssamningar um leit og björgun á norðurslóðum, og samæfingar eins og haldnar hafa verið undanfarin ár með það að markmiði að æfa viðbrögð við því að skip með fjöldann allan af farþegum verði fyrir skakkaföllum, eru nauðsynlegar og eiga fullan rétt á sér,“ segir Ásgrímur L. Ásgrímsson, framkvæmdastjóri aðgerðasviðs hjá Landhelgisgæslunni.

Mannbjörg varð í erfiðri og flókinni björgunaraðgerð á vegum breska sjó- og flughersins við Falklandseyjar á miðvikudag. Þá kviknaði í vélarrúmi Le Boréal, 10.000 tonna franska skemmtiferðaskips í eigu fyrirtækisins Compagnie du Ponant. Farþegar og áhöfn, alls 347 manns, þurftu að yfirgefa skipið við mjög erfiðar aðstæður.

Le Boréal hefur mörg undanfarin sumur verið í siglingum við Íslandsstrendur með erlenda farþega og gert út frá Hafnarfirði, en frá Reykjavík síðastliðið sumar. Skipið yfirgaf landið síðast 13. ágúst eftir að hafa um skeið siglt á milli fjölda staða hér á landi, með viðkomu meðal annars á Grundarfirði, Ísafirði og Akureyri.

Ásgrímur bætir við að björgunaraðgerðir hafi sýnt fram á nauðsyn þess að á hafsvæðinu

108

skemmtiferðaskip komu til hafnar í Reykjavík í sumar

Þetta sýnir að samstarfssamningar um leit og björgun á norðurslóðum, samæfingar, eins og haldnar hafa verið undanfarin ár með það að markmiði að æfa viðbrögð við því að skip með fjöldann allan af farþegum verði fyrir skakkaföllum, eru nauðsynlegar og eiga fullan rétt á sér.

Ásgrímur L. Ásgrímsson, framkvæmdastjóri aðgerðasviðs hjá Landhelgisgæslunni.



umhverfis Ísland sé til staðar öflug björgunarmiðstöð sem tekið getur á móti og þjónustað björgunartæki, björgunarlið og ef til vill í framhaldinu skipbrotsfólk sem þarf að koma fyrir áður en hægt er að koma því til síns heima.

Í fréttatilkynningu frá breska varnarmálaráðuneytinu segir Michael Fallon, varnarmálaráðherra Breta, að samhæfðar aðgerðir flota og flughers hafi „komið í veg fyrir harmleik“.

Öllu var tjaldað til í aðgerðum flota og flughers; fjórar þyrlur voru sendar á slysstað, tvær flugvélar, herskip auk tveggja stórra dráttarbáta.

Ásgrímur segir björgunaraðila hér standa að aðgerðum á líkan hátt og við björgun fólksins á Le Boréal. Varðskipin yrðu þegar send af stað – og þyrlur ef skipið væri ekki of langt frá landi. Eins yrði öllum nálægum skipum þegar beint á slysstað og kallað eftir aðstoð danskra varðskipa sem hafa þyrlu um borð.

Ásgrímur ítrekar mikilvægi þess að hér sé til staðar viðbragðsgeta, til dæmis varðskipið Þór sem hefur dráttargetu til að bjarga skipi eins og Le Boréal en stór úthafsdráttarskip eru hér ekki að staðaldri. - shá / sjá síðu 10

Fréttablaðið í dag

LÍFIÐ Ólafur seldi Simon Cowell réttinn. **24-26**



SKOÐUN Tal forsetans ekki til þess fallið að koma í veg fyrir að innflytjendur verði fyrir aðkasti að ósekju, segir Guðmundur Andri. **13**

SPORT Tveir íslenskir Evrópu-meistarar í MMA. **14**

2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

LANDMARK FASTEIGNASALA


Sími

512 4900

landmark.is

LANDMARK

Veður



Suðvestan og vestan 15-23 m/s, hvassast syðst á landinu, víða skúrir eða slydduél, en hægara og bjart með köflum fyrir austan. Kólnandi veður þegar líður á daginn, fyrst norðvestantil og fara þá skúrirnir yfir í él.

SJÁ SIÐU 18



David Cameron leggur tillögu fyrir breska þingið á næstu dögum um loftárásir gegn ISIS. NORDICPHOTOS/AFP

Bretar ætla að hefja loftárásir fyrir jól

VARNARMÁL David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, hyggst leggja tillögu fyrir breska þingið á næstu dögum um loftárásir gegn hryðjuverkasamtökunum ISIS í Sýrlandi. Áætlað er að árásirnar hefjist fyrir jól samkvæmt heimildum Telegraph.

Í frétt á vef blaðsins kemur fram að Cameron muni fara til Parísar í dag til að ræða hernaðaráætlanina við François Hollande Frakklandsforseta. Þá mun Vladimir Pútín Rússlandsforseti fara til Íran til að ræða ástandið við yfirvöld þar. Í kjölfarið mun Hollande svo halda til fundar við Barack Obama Bandaríkjaforseta í Washington til að ræða hertar aðgerðir Bandaríkjanna gegn ISIS.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti einróma í vikunni að stórefla aðgerðir gegn ISIS eftir hryðjuverkaárásirnar í París.

Þá hélt Obama Bandaríkjaforseti blaðamannafund í Malasíu í gær þar sem hann sagði að alþjóðlegt bandalag gegn ISIS myndi ekki gefast upp fyrr en samtökin hefðu verið upprætt.

Þá ítrekaði hann afstöðu sína um að Bandaríkin tækju við Sýrlenskum flóttamönnum og minnti á að þeir væru einfaldlega venjulegt fólk í leit að öruggu skjóli.

-sg, srs

Hellisbúinn selur hangilæri



Stærsti matarmarkaður landsins, Matarmarkaður Búrsins, fór fram í Hörpu um helgina. Eiður E. Kristinsson var staddur á markaðnum og seldi kjötvörur úr búi sínu undir merkinu Hellisbúinn Hrólfstaðahelli. Meðal þess sem hann var að selja var hangilæri. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Íslenskir hestar fá sitt eigið safn í Hveragerði

MENNING Bæjarráð Hveragerðisbæjar samþykkti á fimmtudaginn að úthluta lóðinni Austurmörk 6, 8 og 10 til umráða undir safni um íslenska hestinn.

„Mjög flott hugmynd sem ég efast ekki um að verður vinsæl á meðal ferðamanna, íslenskra sem erlendra,“ segir Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri Hveragerðisbæjar, á bloggsíðu sinni.

Áður voru uppi áform um að byggja björgunarmiðstöð á lóðinni á Austurmörk en ekki verður af því. Bæjarráð samþykkti því að úthluta Sigurbirni Viktorssyni og Viktori Sveinssyni lóðinni þegar formleg umsókn og tilskilin gögn liggja fyrir sem á að vera í síðasta lagi 1. desember. -sg

Götusmiðjukur gera unga í vanda sjálfbæra

Þrjú fyrrverandi starfsmenn Götusmiðjunnar hafa komið á fót úrræði fyrir ungt fólk með fjölpættan vanda. Byggt er á kerfi sem lítur til manneskjunnar í heild. Í boði er meðal annars áfallahjálp, meðferð við fíkn og leiðsögn í fjármálalæsi

FÉLAGSMÁL Lýðheilsusetrið Ljós-brot er nýtt fyrirtæki sem býður ungu fólki á aldrinum 18 til 25 ára dagsmeðferð eða endurhæfingu. Programmið byggir á HOLOS-kerfinu sem litur til manneskjunnar í heild sinni. Mikill áhugi er á því að sögn Elisabetar Gísladóttur, framkvæmdastjóra Lýðheilsusetursins, bæði af hálfu ungs fólks sem vantar aðstoð og fagfólks sem vill hjálpa.

Elisabet stofnaði Lýðheilsusetrið ásamt Ólmu Rut Lindudóttur og Kolbrúnu Ingibergsdóttur, allar höfðu þær unnið í Götusmiðjunni. Hugmyndin að programminu spratt upp þegar þeim varð ljóst að ekkert tæki við krökkum að vímuefnamedferð lokinni.

„Þau eru full af von og langar að takast á við lífið. Oft á tíðum eru þetta krakkar sem eru af annarri og þriðju kynslóð svokallaðra „kerfisfræðinga“, sem þekkja ekki mikið annað heldur en að þurfa á félags-hjálp að halda,“ segir Elisabet. Markmiðið með programminu er að brjóta víthringinn.

Lýðheilsusetrið er til húsa í Síðumúla og býður upp á þrjár átta vikna lotur sem eru miskrefjandi. „Við sækjum þau á morgnana, og þau fara í prógramm þar sem þau fá bæði sálsgæslu, áfallahjálp og meðferð við fíkn. Síðan styðjum við þau með áherslu á næringu, hreyfingu, líðan og lífsstíl sem fylgir lýðheilsulegu markmiði,“ segir Elisabet.

Þátttakendum er meðal annars boðið upp á fjármálalæsi, líkamsrækt, listþerapiu, og náms- og starfsráðgjöf sem metur áhugasvið þeirra. „Það er markmið okkar að þau



Lýðheilsusetrið Ljós-brot býður ungu fólki sem glímir við margs konar vanda náms- og starfsráðgjöf. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

verði sjálfbær eftir að þau koma frá okkur,“ segir Elisabet. Hún bætir við að þátttakendur hafi áhrif á að móta programmið. „Það eru margir sem koma að þessum pakka til að gera hann heilan og hann verður alltaf í þróun til að mæta nýjum kröfum.“

Þjónustan er ekki einungis í boði fyrir ungt fólk með vímuefnavanda, heldur einnig fyrir krakka sem hafa til dæmis dottið út úr framhaldsskóla. „Þjónustan er formlega að fara af stað um þessar mundir, en nú þegar eru fimm einstaklingar á fjórðu viku í lotunni,“ segir Elisabet.

Yfir þrjátíu sjálfbodaliðar, meðal annars læknar, áfengisfræðingar og félagsráðgjafar koma að starfsemiinni. Lýðheilsusetrið er fjármagnað af styrkjum frá einstaklingum og

Oft á tíðum eru þetta krakkar sem eru af annarri og þriðju kynslóð svokallaðra „kerfisfræðinga“, sem þekkja ekki mikið annað heldur en að þurfa á félags-hjálp að halda.

Elisabet Gísladóttir, framkvæmdastjóri Lýðheilsusetursins.



fyrirtækjum. Næsta skref er að kynna starfsemina fyrir sveitarfélögum og ríkinu og leita til samninga við þau. saeunn@frettabladid.is

20% AFSLÁTTUR Í NÓVEMBER




Pinex® Smelt

Pinex® Mixtura

20% afsláttur í nóvember

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS


Opið mán-fös 8.30-18 og lau 10-14



APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN

ALLT Í VETRARLAGI

með ókeypis 10 punkta mati hjá þjónustuaðilum
Toyota á Íslandi í nóvember



12 viðurkenndir þjónustuaðilar um allt land

Fáðu ókeypis tíu punkta yfirferð hjá þjónustuaðilum Toyota og láttu okkur fara yfir ljósin, prófa rafgeyminn, athuga þurrkur, rúðuvökva, viftureim og stýrisreim, mæla olíu og frostþol kælivökva, smyrja lamir og læsingar, setja sílíkon á þéttikanta og skoða smurbókina í leiðinni.

20% afsláttur

af rúðuþurrkublöðum, þurrkugúmmíi og bílaperum.

15% afsláttur

af Optifit rafgeymum.

Engin vandamál - bara lausnir

Toyota Kaupúni
Toyota Akureyri
Toyota Selfossi
Toyota Reykjanesbæ
Arctic Trucks
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur
Nethamar
Bílatangi
Bifreiðaverkstæði KS
Bílaleiga Húsavíkur
Bílaverkstæði Austurlands
Bílageirinn

Kaupúni 6
Baldursnesi 1
Fossnesi 14
Njarðarbraut 19
Kletthálsi 3
Bæjarflöt 13
Skemmuvegi 16
Garðavegi 15
Suðurgötu 9
Hesteyri 2
Garðarsbraut 66
Miðási 2
Grófinni 14a

Garðabæ
Akureyri
Selfossi
Reykjanesbæ
Reykjavík
Reykjavík
Kópavogi
Vestmannaeyjum
Ísafirði
Sauðárkróki
Húsavík
Egilsstöðum
Reykjanesbæ

570 5070
460 4300
480 8000
420 6610
540 4900
440 8000
440 8000
481 1216
456 4580
455 4570
464 1888
470 5070
421 6901

Bókaðu tíma

Þriggja ára ábyrgð
á Toyota-rafgeymum

Hafið við Ísland beitarnland fyrir lax hvaðanæva að

NÁTTÚRA Rannsóknarniðurstöður sýna að hafið við Ísland er mikilvæg beitarsvæði fyrir Atlantshafslaxinn, sérstaklega fyrir lax frá Bretlands-eyjum og suðurhluta Evrópu.

Nýlega kom út grein í vísindaritinu ICES Journal of Marine Science um uppruna og lífssögu 186 laxa sem veiddust á Íslandsmiðum sem meðafli í makrilverðum í íslenski fiskveiði-

lögsögu árin 2007 til 2010. Nýttur var gagnagrunnur um erfðir laxastofna í 284 evrópskum ám til að greina með erfðatækni uppruna laxa í veiðinni.

Í ljós kom að 68 prósent sýnanna voru rakin til suðursvæðis Evrópu (meginlands Evrópu og Bretlands-eyja), 30 prósent voru frá norðurhluta Evrópu (Skandinavíu og Rússlandi) en einungis tvö prósent laxanna voru

frá Íslandi. Niðurstöðurnar benda til þess að hafsvæðin suður og austur af Íslandi séu mikilvæg beitarsvæði fyrir Atlantshafslaxinn, sérstaklega fyrir lax frá Bretlandseyjum og suðurhluta Evrópu.

Lágt hlutfall laxa af íslenskum uppruna kom á óvart og bendir til að íslenskur lax noti önnur beitarsvæði, en einnig eru íslenskir laxastofnar

ekki stórir í samanburði við allan laxastofninn í Norður Atlantshafi.

Greinina rituðu vísindamenn á Veiðimálastofnun, Mátis og Haf-rannsóknastofnun. Fyrsti höfundur er Kristinn Ólafsson en greinin er hluti af doktorsverkefni hans en frá Veiðimálastofnun tóku Sigurður Már Einarsson og Sigurður Guðjónsson þátt í verkefninu. -shá



Lax sem veiddist með makríl var úr útlendum ám. MYND/NASIF



Spáð er aukinni jólaferðum. MYND/GETTY

Spá þráðlausum jólagjöfum í ár

GJAFIR Jólagjöfin í ár er þráðlausir hátalarar eða heyrnartól. Þetta er niðurstaða jólagjafavalefnar Rannsóknarseturs verslunarinnar. Í rökstuðningi segir að með þráðlausum hátölurum eða heyrnartólum sé hægt að njóta tónlistar, bókmennta eða kvikmyndna í meiri gæðum en ella. Jólagjöfin í fyrra var nytjalist og þar áður lífsstílsbók.

Rannsóknarsetur verslunarinnar segir heildarveltu í smásöluverslun nálgast óðum þær hæðir sem hún náði velmegunarárið 2007, þótt enn sé hún um 11 prósentum minni að raunverði. Spáð er að velta í smásöluverslun í nóvember og desember aukist um sjö prósent milli ára og verði um 89 milljarðar króna. -jhh

Gamalt sælgæti endurmerkt og pissað í plastlát

DANMÖRK Þegar starfsmenn danska matvælaeftirlitsins brugðust við ábendingu um grunsamlegan lager á bak við gamla Carlsberg-verksmiðju í Valby rákust þeir á tvo unga Rúmena sem endurpökkðu gömlu sælgæti og settu miða með nýjum endingartíma á glæra plastkassa sem þeir höfðu troðið sælgætinu í.

Ljósmyndari Jótlandsþóstsins var með í för og á mynd sem hann tók má sjá að gömlu kassarnir eru merktir með heitinu Katjes. Í frétt Jótlandsþóstsins er haft eftir starfsmanni matvælaeftirlitsins að ungu mennirnir hafi kastað af sér þvagi í einn glæru kassanna. Ekki hafi verið möguleiki til að þvo sér um hendur.

Í húsnæðinu voru 30 tonn af gömlu sælgæti. -ibs

Dragi frekar sjálfan spítalann fyrir dóm heldur en starfsfólk

Starfsfólk Landspítalans segir þöggun um mistök óhjákvæmilega ef tilkynning um þau leiði til þess að fólk endi í réttarsal. Stjórnendur vilja lagaumhverfi sem styður öryggismenningu í stað þess að elta sökudólga.

HEILBRIGÐISMÁL „Ef versta mögulega niðurstaða kemur út úr þessu máli og hjúkrunarfræðingurinn á gjörgæslunni verður fundinn sekur um manndráp af gáleysi þá er ég fullviss um að það verði til þess að mistök á spítalanum verði þöggud niður,“ segir Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga á Landspítalanum. „Starfsfólkið hefur sagt það við okkur beint.“

Síðustu þrjú ár hafa stjórnendur spítalans unnið að eflingu öryggismenningar og tekið upp rötargreiningu á atvikum. Þar er treyst á að starfsfólk tilkynni öll mistök og atvik til þess að læra megi af þeim. Í ár hafa tíu rötargreiningar verið gerðar á alvarlegum atvikum á spítalanum sem er mikil fjölgun frá síðustu tveimur árum. Umræða um dómsmál hjúkrunarfræðingsins hefur því greinilega ekki enn haft áhrif á fjölda tilkynninga þótt starfsfólk sé uggandi.

Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar, segir ástæðu fjölgunar vera að rötargreining hafi sannað gildi sitt. Starfsfólk sé hreinlega farið að óska eftir því að máli séu rannsókuð. Ef fangelsisdómur verði að nýjum veruleika heilbrigðisstarfsfólks muni það líklega breytast.

„Fólk er ekki bara að hugsa um sjálf sig. Það mun einnig þagga niður mistök annarra þar sem enginn vill bera ábyrgð á að koma samstarfsfélaga inn í réttarsal,“ segir Sigríður.

Ólafur og Sigríður segja öryggismenningu spítalans ekki ganga út á að finna sökudólga. Það stangist aftur á móti við vinnulag lögreglu og lagaumhverfi. Til þess að hægt sé að bæta spítalann og koma í

veg fyrir þöggun þurfi að verða breyting þar á.

Þau nefna samstarf lögreglu við Embætti landlæknis við rannsókn mála til að nauðsynleg sérfræðipækning sé til staðar. Einnig að skerpa þurfi á lagarammanum utan um rannsókn mála svo skýrt sé hvaða mál beri að tilkynna til lögreglu. Að mati Sigríðar er þó mikilvægast að hegningarlögum verði breytt þannig að hægt sé að ákæra út frá sameiginlegri refsí-ábyrgð.

„Niðurstaða okkar á öllum rannsóknunum atvika hefur verið sú að keðja atburða olli mistökum og að ekki sé hægt að benda á einn sem brást. En það er ekki heimild í lögum að lögsækja einfaldlega spítalann fyrir að hafa brugðist. Dómskerfið snýst um að finna sökudólga og eina leiðin til að fara af stað með dómsmál er að ákæra starfsmann,“ segir Sigríður en bendir jafnframt á að auðvitað sé heilbrigðisstarfsfólk ekki undanþegið lögum en að ramminn þurfi að vera skýr.

Ólafur kallar eftir auknum skilningi á mikilvægi þess að alvarleg atvik í heilbrigðisþjónustu verði ekki þöggud niður. Hann myndi vilja sjá sambærilega meðferð á þeim og samgönguslysum og vísar þar til rannsóknarnefndar samgönguslysa. Þar er sú stefna höfð að finna ekki sökudólga heldur greina mistökin nákvæmlega. Menn geta talað við nefndarmenn í trúnaði án þess að vera dregnir til ábyrgðar og dómstólar hafa ekki aðgang að niðurstöðum nefndarinnar.

„Spítalar eru hættulegir og þar verða mistök. Það er staðreynd. Hvað ætlum við að gera í því? Greina raunverulegar orsakir



Sigríður og Ólafur segja sameiginlega refsíábyrgð eiga betur við mál hjúkrunarfræðingsins, þar sem Landspítalinn ætti frekar að vera dreginn fyrir dóm en að ein manneskja sé látin bera ábyrgð á mistökum margra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fólk er ekki bara að hugsa um sjálf sig. Það mun einnig þagga niður mistök annarra þar sem enginn vill bera ábyrgð á að koma samstarfsfélaga inn í réttarsal.

Sigríður Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar.

Við óttumst að óskýr lagarammi í kringum öryggisvegferð okkar stefni henni í voða.

Ólafur Baldursson, framkvæmdastjóri lækninga.

20

alvarleg atvik hafa verið rannsókuð síðustu þrjú ár. Tíu á þessu ári.

alvarlegra atvika. Það er forsenda þess að unnt sé að vinna að markvissum umbótum. Við óttumst að óskýr lagarammi í kringum öryggisvegferð okkar stefni henni í voða,“ segir Ólafur. erlabjorg@frettabladid.is

Búa sig undir að slökkva á Straumsvík

KJARAMÁL Samþykkt hefur verið að stéttarfélag starfsmanna álversins í Straumsvík aðstoði Rio Tinto Alcan í tvær vikur við það að slökkva á álverinu, eftir að verkfall hefst annan desember. Ef ekki tekst að semja, hefst verkfall um 300 starfsmanna álversins eftir rúma viku.

Aðalágreiðingsefnið er að sögn Ólafs Teits Guðnasonar, talsmanns Rio Tinto Alcan, að álverið í Straumsvík sitji ekki við sama borð og önnur fyrirtæki á Íslandi, varðandi möguleika til þess að bjóða út hluta starfsmanna, eins og mótuneyti og þvottahús. Það sé samkvæmt sérstökum ákvæðum í kjarasamningum sem eru síðan 1972, og engin önnur fyrirtæki á Íslandi búi við.

Ef ekki tekst að semja byrja þeir að slökkva á fyrsta kerinu í álverinu strax annan desember.

Gylfi Ingvarsson, talsmaður samninganefndar stéttarféлага í álverinu, segir að ekkert hafi gerst á fundinum síðasta þriðjudag, en vonast til að samningur náist á fund-




Álverið í Straumsvík er með 480 ker. FRÉTTABLAÐIÐ/BIRGIR ÍSLEIFUR

inum á morgun. „Ég horfi til þess að það verði samið við launþega fyrir Straumsvík eins og annars staðar í samfélaginu,“ segir Gylfi.

Gylfi segir að útboð þjónustu verði ekki tekið fyrir á fundinum á þriðjudaginn. „Við höfum hafnað því alfarið. Við höfum samningsréttinn

fyrir öll þessi störf. Eins og er verið að semja um í samfélaginu í dag, og þetta SALEK samkomulag og svo framvegis gerir ekki ráð fyrir því að starfsmenn þurfi að semja einhvern hluta af sinni starfsemi fyrir lægri kjör. Þannig að við erum ekki að ræða það.“ -sg



Ókeypis heyrnarmæling síðan 2004

Enn snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone Legend heyrnartækið tengist þráðlaust beint í iPhone, iPad og iPod touch. Þantaðu ókeypis heyrnarmælingu í síma 568 7777 og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.

heyra.is

HEYRNARSTÖÐIN



Beltone Legend gengur með iPhone 6s og eldri gerðum, iPad Air, iPad (4. kynslóð), iPad mini með Retina, iPad mini og iPod touch (5. kynslóð) með iOS eða nýrra stykkir. Apple, iPhone, iPad og iPod touch eru vörumerki sem tilheyra Apple Inc, skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.



RENAULT
Passion for life

Er kominn tími á endurnýjun? Kíktu í kaffi og reynsluakstur



DÍSILBÍLARNIR FRÁ RENAULT SLÁ Í GEGN

Renault var þriðji mest keypti bíllinn á Íslandi 2014.** Nýju Renault bílarnir hafa slegið í gegn með hagstæðu verði, ríkulegum búnaði og úrvali sparneytinna bensín- og dísilvéla. Komdu og reynsluaktu nýjum Renault sendibíl og láttu sölumenn okkar gera þér tilboð í nýjan Renault.

**Miðað við almenna sölu til einstaklinga og fyrirtækja án bílaleiga árið 2014

RENAULT KANGOO, DÍSIL 1,5 L. VÉL, 90 HESTÖFL

Verð: 2.411.000 kr. án vsk.
2.990.000 kr. m. vsk.

Eyðsla 4,2 l/100 km*

RENAULT TRAFIC, DÍSIL 1,6 L. VÉL, 115 HESTÖFL

Verð frá: 3.379.000 kr. án vsk.
4.190.000 kr. m. vsk.

Eyðsla frá 5,9 l/100 km*

RENAULT MASTER, DÍSIL 2,3 L. VÉL, 125 HESTÖFL

Verð frá: 3.992.000 kr. án vsk.
4.950.000 kr. m. vsk.

Eyðsla 7,8 l/100 km*

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





Seljalandsfoss á Suðurlandi er vinsæll viðkomustaður. Fréttablaðið/Vilhlem

Bílastæðagjöld fyrir ferðamenn

FERÐAÞJÓNUSTA Landeigendur hafa ákveðið að skoða til hlítar þá hugmynd að nota bílastæðagjöld til fjármögnunar á uppbyggingu á fjölsóttum stöðum á suðurströndinni og fara sameiginlega í viðræður við aðila um heildarlaun þeirrar hugmynda. Þetta var ákveðið á fundi á fimmtudaginn. Jafnframt verður unnið að gerð þjónustusamninga milli ferðaþjónustuaðila og landeigenda, segir í tilkynningu. Nokkrir landeigendur og ferðaþjónustuaðilar á fjölsóttum ferðamannastöðum á suðurströndinni boðuðu til fundar með sveitarstjórum til að ræða aðbúnað og þjónustu við ferðamenn á svæðinu.

Fundargestir töldu brýnt að fara í mikla uppbyggingu á svæðinu öllu til að hægt væri að taka á móti öllum þeim ferðamönnum sem sækja svæðin heim. Landeigendur töldu sig geta ekki beðið lengur eftir úrlausn þessara mála. - sg

Les sér til fyrir heimsókn páfa



Maður í Nairóbí í Kenía les kaþólskt dagblað í aðdraganda komu Frans páfa til landsins. Páfinn mun halda messu í Kangemi sem er eitt fátækasta hverfið í Nairóbí. NORDICPHOTOS/AFP

Lögreglan illa búin tækjum til rannsókna

Niðurskurður til lögreglunnar hefur valdið því að embættið á ekki búnað sem heldur í við nútímataekni. Endurnýjun tækja er háð velgjörðarfélögum. Rannsóknir eru minni að gæðum og taka lengri tíma. Við erum búin að biðja um sum tækin, segir lögreglustjóri.

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu er svo illa tækjum búin að það stendur henni fyrir þrífum í rannsóknum á umfangsmiklum sakamálum. Þetta staðfestir Aldís Hilmarsdóttir, aðstoðaryfirlögregluþjónn og yfirmaður fikniefnabrotadeildar lögreglunnar.

„Ég myndi segja að það vanti nokkuð mikið upp á að við séum með þann búnað, eða höfum náð að uppfæra þann búnað, sem við þurfum. Þetta gerir það að verkum að gæði rannsókna verða minni en ella, málsmeðferðartími verður lengri og í raun er þetta oft meira

íþyngjandi fyrir sakborninga,“ segir Aldís.

Mikill niðurskurður til lögreglunnar hefur valdið því að embættið hefur dregist aftur úr nágrennalöndunum þegar kemur að tækjabúnaði. Aldís segir að íslenska lögreglan sé nánast aðhláturselfni vegna þessa hjá samstarfsfólki ytra.

„Við vitum hvaða lausnir þetta eru og erum búin að biðja um sum þessi tæki. Sum þeirra eru jafnvel ekki mjög dýr,“ segir Aldís og nefnir tæki sem kostar tvær milljónir. Tækið gerir afritun á gögnum úr sínum og spjaldtölvum margfalt fljótlegra og aðgengilegra. Þannig séu

tækin ekki tekin af sakborningum lengi. „Það eru allir með þetta í kringum okkur. Það er búið að vera á innkaupalistanum að mér skilst í tvö ár, og búið að samþykkja það en það hefur ekki enn komið þingur.“

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er eftirfylgni-tæki lögreglunnar (e. tracker) klunnalegt og áberandi tæki sem er langt frá því að standast þær kröfur sem lögreglan gerir. Það er með öðrum orðum ekkert líkt örflögum í James Bondmyndum sem senda nákvæm GPS-hnit til rannsókna.

Aldís segir að lögreglan sé háð

símafyrirtækjunum þegar kemur að því að fá upplýsingar um samtalskrá fólks. Þá þurfi að treysta því að gögnin séu rétt. Lögregla hafi ekki úrræði til að kanna samtalskrár sjálf.

„Við erum ekkert að tala um byssur. Þegar ég tala um tækjakostnað þá er ég að tala um síma, myndavélar, hlustunarbúnað og tæki til að afrita tölvubúnað. Með það litla sem við höfum náð að endurnýja höfum við þurft að reida okkur á velvilja Lionsklúbba,“ segir Aldís. Lionsklúbburinn EIR gaf fikniefnadeildinni 400 þúsund krónur í febrúar á þessu ári. snaeros@frettabladid.is



Lögreglumenn á vettvangi ásamt tæknideild. Búnaður lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu er nánast aðhláturselfni hjá kollegum á Norðurlöndunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK

Glæsilegar vörur á sérstöku jólaverði.

Jólabæklingurinn er kominn út. Sjá nánar á sminor.is.

SIEMENS Bakstursofn

HB 23AB221S (hvítur)
Hagkvæmur með
67 lítra ofnrými.
Fimm ofnaðgerðir.

Jólaverð: **89.900** kr.
Fullt verð: 119.900 kr.



SIEMENS Kæli- og frystiskápur

KG 36VUW20 (hvítur)
Orkuflokkur A+.
„crisperBox“-skúffa.
LED-lýsing.
H x b x d:
186 x 60 x 65 sm.

Jólaverð: **74.900** kr.
Fullt verð: 94.900 kr.



SIEMENS Pvottavél

WM 14E477DN
Tekur 7 kg,
vindur upp í
1400 sn. Mjög stutt
kerfi (15 mín.).
Orkuflokkur A+++.

Jólaverð: **84.900** kr.
Fullt verð: 104.900 kr.



Palma Gólfampi

19901-xx
Fáanlegur í
antiklit og stáli.

Jólaverð: **11.900** kr.
Fullt verð: 18.900 kr.



SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



UPPLIFÐU SKANDINAVÍSKAN LÚXUS

Komdu og skoðaðu nýjan
Volvo XC60 Executive í Brimborg
Verð frá 8.905.000 kr.

MADE BY SWEDEN
VOLVO.IS



Volvo XC60 AWD er búinn sparneytinni og aflmikilli D4 dísilvél með sjálfskiptingu sem skilar 190 hestöflum og 420 Nm tugi. Veghæð Volvo XC60 er 23,5 cm undir lágsta punkt. Hann er ríkulega búinn staðalbúnaði eins og rafdrifinni opnun á afturhlera, leiðsögukerfi með Íslandskorti, bakkmyndavél, vélarhitara með tímastilli, tölvustýrðri loftkælingu með hitastýringu (ECC), lofthreinsikerfi og Volvo High Performance Sensus Connect hljómtækjum með 7" skjá, internettengingu og DVD spilara. Volvo XC60 Executive kemur á 18" Leda álfelgum og er búinn leðurklæddum sportsætum. Ökumannssætið er rafdrifið með minni. Í innra rýminu er jafnframt TFT digital mælaborð. Aðgengi og ræsing er lykjalaust. Billinn er búinn fyrsta flokks öryggisbúnaði en þar má nefna margverðlaunaða öryggiskerfið Borgaröryggi (City Safety). Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri er 5,7 l/100 km og CO₂ losun er 149 g/km. Volvo XC60 er einnig fánlegur beinskiptur frá 7.580.000 kr. Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

Vill vita hvað kosti að bjarga Grímsey

BYGGÐAMÁL Heiða Kristín Helgadóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar, hefur lagt fram fyrirspurn til forsætisráðherra um sértækar byggðaaðgerðir til bjargar byggð í Grímsey. Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum í vikunni að ráðast í margvíslegar aðgerðir til þess að bjarga byggðinni í eyggi. Fyrirspurn Heiðu Kristínar er tvíþætt. Annars vegar vill hún vita hversu miklum fjárhæðum verður varið til þessara aðgerða og hvort forsætisráðuneytið hafi upplýsingar um að svipaðar aðgerðir hafi borð árangur og snúið við folksfækkun.

Fréttablaðið hefur áður greint frá því að tillögur nefndar um fram-

„Það sem skiptir mestu máli er að fjármunum úr sameiginlegum sjóði okkar allra sé sem best varið.“

Heiða Kristín Helgadóttir



tið byggðar í Grímsey voru metnar um hálfur milljarður árlega í formi aukinna samgangna við eyjuna og sértækan byggðakvóta sem kæmi í hlut Grímseyjar.

„Það sem skiptir mestu máli er að fjármunum úr sameiginlegum sjóði okkar allra sé sem best varið og að svona aðgerðir skili árangri. Mér finnst rétt að spyrja hversu miklir fjármunir fara í þessa sértæku aðgerð til að styrkja byggð í Grímsey og hvert sé markmiðið. Ef fjármunirnir hlaupa á hundruðum milljóna þá þarf það að liggja fyrir,“ segir Heiða Kristín. „Það er mín tilfinning að íslensk byggðastefna sé tilviljanakennd og ekki nægilega markviss. Það er öllum til góða að horfast í augu við það. Ég hefði viljað sjá fjármagni varið til sóknar-áætla landshlutanna í stað þess að skera niður nærri allt fé til þeirra.“ - sa



Hermenn vakta verslunarmiðstöðina Galerie de la Reine í Brussel. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Brussel í herkví

Forsætisráðherra Belgíu sagði í gær að hættustig héldi áfram í dag. Grunaðra hryðjuverkamanna er leitað.

BELGÍA Charles Michel, forsætisráðherra Belgíu, segir að hættuástand, sem lýst var yfir í Brussel á laugardaginn, haldi áfram í dag.

Lestarsstöðvar, skólar og háskólar voru ekki opnaðar í Brussel í morgun.

„Hættuástandi vegna hryðjuverka linnir ekki fyrr en Salah Abdeslam hefur verið handsamaður,“ sagði Jan Jambon, innanríkisráðherra Belga, við flæmska fjölmiðla í gær.

Þá upplýsti Jambon að leitinn næði til fleiri grunaðra hryðjuverkamanna.

Tyrkneska lögreglan handtók á laugardag þrjá menn grunaða um að hafa lagt á ráðin um hryðjuverk. Einn þeirra er belgiskur ríkisborgari.

Leitin að Salah Abdeslam, meint-

um geranda í árasunum í París, hélt áfram um helgina í Brussel án árangurs. Mohamed Abdeslam hefur í fjölmiðlum biðlað til Salah bróður síns að gefa sig fram. Frekar vilji hann sjá bróður sinn í fangelsi en í grafreit.

Vinir Salah sögðu ABC fréttastofnunni að hann hefði haft samband við þá. Þeir segja Salah hafa klæðst sprengjuvesti í París en fengið bakþanka með að sprengja sig í loft upp. Liðsmenn Íslamska ríkisins séu ósáttir við það. Mikill viðbúnaður er í Brussel, hermenn og brynvagnar á götum úti. Um þúsund hermenn vakta verslanir, veitingastaði, ríkisstofnanir og stofnanir Evrópusambandsins. stefanrafna@frettabladid.is

Sorglegt að sjá borgina í þessu ástandi



„Ég vona að þetta ástand liði fljótt hjá,“ segir Maite Morren, fulltrúi í hverfisstjórn Ixelle-hverfis nærri miðborg Brussel, í samtali

við Fréttablaðið. Hún er sorgmædd yfir því að sjá borgina sína, sem gjarnan iðar af lífi, í þessu ástandi.

„Flestir sem ég þekki eru samt mjög yfirvegaðir.“ Hún segir fáa á ferli úti á götu. Margar verslanir og samkomustaðir hafi lokað og nú eru borgaryfirvöld að ákveða hvort skólum verði lokað í dag.

„Ég ætlaði að sækja viðburð á laugardaginn fyrir unga listamenn en honum var frestað. Þá ætlaði ég í parti sama kvöld en því var aflýst.“

Óhuggulega hljóðlát



„Stemningin var mjög sérstök í gær. Það er erfitt að lýsa því án þess að undirstrika það fyrst hversu líflæg Brussel er almennt á laugardögum,“ segir Vilhjálmur Ólafsson, íbúi í Brussel.

„Í gær var eins og miðbærinn hefði verið rýmdur. Það var erfitt fyrir okkur að sjá þetta. Það voru fáir á ferli þar sem allt er venjulega iðandi af lífi.“ Þeir sem hafi verið á ferli hafi verið á hraðferð og borgin verið óhuggulega hljóðlát.

Vilhjálmur segir borgarlífið þó hafa tekið ögn við sér á sunnudag. „Ég var aldrei raunverulega hræddur um líf mitt en ég, eins og allir aðrir Brusselbúar, hafði varann á.“

Farþegaspá 2016

Á fljúgandi ferð

Morgunfundur Isavia um **farþegaspá Keflavíkurflugvallar og framkvæmdir 2016** verður haldinn í Þingsölum á Hotel Reykjavík Natura miðvikudaginn 25. nóvember kl. 8.30–10.00.

Dagskrá:

Farþegaspá Keflavíkurflugvallar 2016

— Grétar Már Garðarsson, verkefnastjóri á viðskiptaþróunarsviði Isavia

Uppbygging og framkvæmdir á Keflavíkurflugvelli

— Guðmundur Daði Rúnarsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar

Vaxandi fjöldi – áskoranir og tækifæri

— Grímur Sæmundsen, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar

Húsið opnað kl. 8.15. Boðið verður upp á kaffi og léttan morgunverð.

Nánari upplýsingar og skráning á www.isavia.is/morgunfundur



Fitulítill og próteínrík...

... og passar með öllu



www.ms.is



* Jóladagatal *

Nýtt jólatilboð

alla mánudaga og fimmtudaga til jóla

42%
afsláttur

Citrus
frugt

CLEMENTINER

199 kr.
kg

Verð áður ~~349~~ kr. kg
Klementínur 1 kg í neti

GILDIR
Á MEÐAN
BIRGÐIR
ENDAST
til 25. nóvember 2015



Sérð þú hvaða tilboð
leynist í næsta pakka?
Fylgstu með á
fimmtudaginn.





Le Boréal er 10.000 lestir, smíðað árið 2010 – farþegar og áhöfn getur mest talið 400 manns. MYND/EPA/BRITISH MINISTRY OF DEFENCE

Félags- og faggreinafundir FIT

Í nóvember 2015 verða haldnir á eftirfarandi stöðum:

Reykjavík:

Mánudaginn 23. nóvember kl. 20.00
Borgartúni 30, 6. hæð

Reykjanesbær:

Þriðjudaginn 24. nóvember kl. 20.00
Krossmói 4

Akranes:

Miðvikudaginn 25. nóvember kl. 20.00
Salur eldri borgara, Kirkjubraut 40

Vestmannaeyjar:

Fimmtudaginn 26. nóvember kl. 12.00
Kaffi Kró

Selfoss:

Fimmtudaginn 26. nóvember kl. 20.00
Skrifstofa FIT að Austurvegi 56

Dagskrá fundanna verður:

1. Staðan í kjaramálum
2. Lífeyrissjóðsmál
3. Önnur mál

FIT
FÉLAG IÐN- OG
TÆKNIGREINA



Sagðir hafa komið í veg fyrir harmleik

Skemmtiferðaskip sem hefur verið fastagestur á Íslandi varð vélarvana og var rétt rekið upp í land á Falklandseyjum. Stór björgunaraðgerð sjó- og flughers Breta tókst giftusamlega. Minnir á mikilvægi samstarfs um leit og björgun.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Mannbjörg varð í erfiðri og flókinni björgunaraðgerð á vegum breska sjó- og flughersins við Falklandseyjar á miðvikudag. Þá kviknaði í vélarrúmi Le Boréal – 10.000 tonna fransks skemmtiferðaskips í eigu fyrirtækisins Compagnie du Ponant – sem krafðist þess að farþegar og áhöfn þurftu að yfirgefa skipið við mjög erfiðar aðstæður. Atviknið er áminning um mikilvægi þess að öflug björgunarmiðstöð sé til staðar fyrir hafsvæðið umhverfis Ísland, en skipið hefur nokkur undanfarin sumur verið í siglingum við Íslandsstrendur með erlenda farþega og gert út frá Hafnarfirði, en frá Reykjavík síðastliðið sumar.

Litlu mátti muna

Í fréttatilkynningu frá breska varnarmálaráðuneytinu kemur fram að mikill eldur kom upp í vélarrúmi skipsins sem varð vélarvana og tók þegar að reka að austurströnd Falklandseyja og var um tíma aðeins þrjár sjómílar frá landi. Þegar voru tvær björgunaryrslur breska flughersins af Sea King gerð sendar í loftið ásamt tveimur aðstoðaryrslum, C-130 Hercules-flugvél og Voyager-flugvél til að annast fjarskipti og stjórnun á slysstæð. Miklu virðist þó hafa skipt að breska frégátan HMS Clyde, sem er með þyrlu um borð, var á svæðinu. Eins voru tveir stórir hollenskir dráttarbatar þegar sendir af stað til að fyrirbyggja að skipið ræki upp í klettótta strönd Falklandseyja og til að reyna að koma skipinu til hafnar. Alls voru 90 farþegar hífðir um borð í þyrlur frá skipinu og björgunarbátum á sjó. HMS Clyde bjargaði á þriðja hundrad manns úr björgunarbátum.

Breski varnarmálaráðherrann, Michael Fallon, segir í fréttatilkynningunni að samhæfðar aðgerðir flota og flughers hafi bjargað fjölmörgum mannlífum og „komið í veg fyrir harmleik“.

Mikilvægi þórs mikið

„Það væri á svipuðum nótum sem yrði unnið hér. Þyrlurnar okkar yrðu notaðar til að koma fólki um borð í varðskip eða önnur skip sem kæmu á svæðið, þ.e.a.s. ef staðsetning atviks væri innan viðráðanlegrar vegalengdar frá landi. Munurinn er hins vegar sá að þyrlurnar gætu ekki lent með fólki á þilfari varðskipanna. Gætu tyllt sér hugsanlega þannig að fólk gæti stökkið út en annars þyrfti að hafa það niður líka. Það munar um tímann. Mikilvægt yrði því að kalla til t.d. dönsku varðskipin sem eru með þyrlu um borð sum hver,“ segir Ásgrímur.

Ef skip yrði fyrir skakkaföllum lengra frá ströndinni þar sem þyrlur yrði ekki komið við segir Ásgrímur að stefna þyrfti sem flestum skipum á svæðið og nota allt sem tiltækt er til að koma fólki á milli. „Það yrði að láta sum skipin mynda skjól á meðan önnur væru að taka fólk um borð. Aðstæður hverju sinni hafa svo mikið að segja hvernig björgun yrði framkvæmd. Fjarlægð frá landi er stór þáttur í þessu líka,“ segir Ásgrímur og ítrekar mikilvægi þess að hér sé til staðar viðbragðsgeta, t.d. varðskipið Þór sem hefur dráttargetu til að bjarga skipi eins og Le Boréal.

Þyrlurnar okkar yrðu notaðar til að koma fólki um borð í varðskip eða önnur skip sem kæmu á svæðið, þ.e.a.s. ef staðsetning atviks væri innan viðráðanlegrar vegalengdar frá landi.

Ásgrímur L. Ásgrímsson



ingunni að samhæfðar aðgerðir flota og flughers hafi bjargað fjölmörgum mannlífum og „komið í veg fyrir harmleik“.

Fréttablaðið greindi frá því í lok október þegar Ísland, Bandaríkin, Rússland, Kanada, Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð undirrituðu samning um vídtækt samstarf um leit og björgun á norðurskautssvæðinu. Samtökin, The Arctic Coast Guard Forum, eru sögð mikilvægt skref í átt til alþjóðlegrar samvinnu á svæðinu og undirstriki framtidarmikilvægi þess. Þá má minna á hugmyndir um stofnun alþjóðlegrar björgunarmiðstöðvar á Íslandi

Alvarleg áminning

Ásgrímur L. Ásgrímsson, framkvæmdastjóri aðgerðasviðs hjá Landhelgisgæslunni, segir björgunina á miðvikudaginn minna sterklega á hversu mikilvægt það er að hafa tækjabúnað, þjálfaðan mannskap, áætlanir og alþjóðlegt samstarf til að bregðast við svona atviki því að þrátt fyrir að skemmtiferðaskipin séu í góðu ástandi, nýleg og með víðeigandi öryggisbúnað þá geti atvik sem þessi átt sér stað hvenær sem er og hvar sem er.

„Þetta sýnir að samstarfssamningar um leit og björgun á norðurslóðum, samæfingar, eins og haldnar hafa verið undanfarin ár með það að markmiði að æfa viðbrögð við því að skip með fjöldann allan af farþegum verði fyrir skakkaföllum, eru nauðsynlegar og eiga fullan rétt á sér. Þær æfingar hafa m.a. sýnt fram á nauðsyn þess að á hafsvæðinu umhverfis Ísland, á milli Íslands, Grænlands og Svalbarða, er nauðsynlegt að til staðar sé öflug björgunarmiðstöð sem tekið getur á móti og þjónustað björgunartæki, björgunarlið og e.t.v. í framhaldinu skipbrotsfólk sem þarf að koma fyrir áður en hægt er að koma því til síns heima,“ segir Ásgrímur og bætir við að margt megi læra af björgun fólksins um borð í Le Boréal.



HWITA NUBILO/SA - 15-245

Vito og Citan, hörkuduglegir vinnufélagar

Mercedes-Benz þekkir vel þarfir og kröfur atvinnulífsins um öfluga, sparneytna og fjölhæfa vinnubíla. Vito og Citan fást báðir útfærðir sem sendi-, fjölnota- og fólksflutningabílar og ótal möguleikar eru á að laga þá að sérstökum þörfum. Með Mercedes-Benz Vito og Citan fær þitt fyrirtæki dýrmætan liðsauka sem eflir reksturinn.

Vetrardekk fylgja öllum Vito og Citan til áramóta ásamt húfu, trefli og sköfu.

Komdu í Atvinnubíladeild Öskju og kynstu þessum hörkuduglegu vinnufélögum.

Citan, millilangur sendibíll, 90 hestöfl, 5 gíra beinskiptur

Verð frá 2.790.000 kr. án vsk

Vito, millilangur sendibíll, 114 hestöfl, 6 gíra beinskiptur

Verð frá 4.240.000 kr. án vsk

Mercedes-Benz

Vans. Born to run.



Smánarblettur



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Blessunarlega þekkja margir Íslendingar þau miklu lífsgæði sem felast í því að alast upp í nábýli við eldri kynslóðir. Eiga vísan gæskufullan faðm ömmu og afa, læra af þeim um lífið og líðna tíð og deila með þeim sorgum og gleði frá unga aldri og oft langt inn á fullorðinsárin. Eitt það mikilvægasta sem þetta kennir þeim sem njóta er að bera virðingu fyrir fólki óháð aldri. Og hver sá sem ber yfir virðingu fyrir eldra fólki hlýtur að sjá að öll eigum við rétt á að lifa með reisu og við sómasamleg kjör.

Þórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður Félags eldri borgara í Reykjavík, var í viðtali hér á síðum blaðsins síðastliðinn föstudag og greindi frá fjárhagsstöðu, efnunum og aðstæðum fjölmargra eldri borgara á Íslandi. Þórunn bendir á að fjöldi eldri borgara býr við algjörlega óviðunandi kjör og að almannatrygginga- og lífeyrissjóðskerfinu er stillt þannig upp að fólk fái ekki nema 200 þúsund á einstakling í sambúð og 225 þúsund fyrir einhleypa. Með þessa upphæð er ætlast til að fólk greiði fyrir húsnæði og allt sem því fylgir, fæði og klæði, lækni- og lyfjakostnað og almennar samgöngur svo brýnustu nauðsynjar séu tilgreindar. Þá standa eftir afmælis- og jólagjafir, að halda hátíð eða einfaldlega að eiga þess kost að gleðja aðra.

Það sér hver heilvita manneskja sem lifir í íslensku samfélagi í dag að þetta dæmi gengur ekki upp. Efnahagslegar aðstæður fjölmargra eldri borgara eru einfaldlega til háborinnar skammar fyrir ráðamenn þjóðarinnar og samfélagið í heild. Og þessi smánarblettur er ekkert nýtt eða sjálf-sprottið fyrirbæri, eins og myglusveppur sem hefur náð sér á strik í rakri kjallaraholu, heldur þvert á móti afleiðing forgangsröðunar og meðvitaðra ákvarðana.

Síðasta ríkisstjórn lét það vera með sínum fyrstu verkum að skerða kjör lífeyrisþega, sem voru nú ekki upp á marga fiska fyrir í svokölluðu góðæri, til þess að bjarga þjóðinni frá þroti eftir að bankarnir hrundu. Eldri borgarar og öryrkjar voru sendir heim með reikninginn úr partíinu sem þeim var aldrei boðið til. Ekki stóð svo á lofordunum um bót og betrun hjá ríkisstjórninni sem tók við, sem boðar nú hlálega prósentuhækkun sem mun í raun engu breyta um aðstæður þessa fólks.

Alþingi Íslendinga og ríkisstjórnir fyrr og nú skulda eldri borgurum í landinu bæði afsökunarbeiðni og leiðréttingu. Og hafi þetta ágæta fólk einhvern tímann notið þess að fá tilsögn um lífið frá ömmu og afa eða öðru eldra fólki, beri fyrir því virðingu og til þess hlýhug, þá verður þess vart lengi að biða að hver einasti ný-launaleiðrétti ráðamaður láti raunverulega til sín taka í þessum efnunum. Svona ef ömmur þeirra og afar hafa kennt þeim að skammast sín.



Alþingi Íslendinga og ríkisstjórnir fyrr og nú skulda eldri borgurum í landinu bæði afsökunarbeiðni og leiðréttingu.



Falleg glös gleðja augað

FASTUS Veit á vandaða lausn

Síðumúla 16 | Opíð mán - fös 8:30 - 17:00 | S: 580 3900

Halldór



Frá degi til dags

Allir búnir að gleyma Stoltenberg?

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, sagði meðal annars í útvarpsviðtali í gær að: „Hvort sem að frjálslyndum öflum svokölluðum líkar það betur eða ver, þá er það núna orðið viðfangsefni kjörinna fulltrúa víða í Evrópu, að koma í veg fyrir að venjulegt fólk sé drepið.“ Hugsanlega er hann með þessu genginn í raðir stjórnmálamanna á borð við Hollande og Cameron sem boða lítið annað en vopnaskak. Orð Jens Stoltenberg eftir árs ófgamanns á þjóð hans virðast fallin í gleymsku: „Svarið við árásum er meira lýðræði og opnara samfélag.“

Að hætti kerlinga 8. áratugarins Sigríður Á. Andersen, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, skrifar grein í Moggann um atriði Hagaskóla í Skrekk. Hún segir það flott en þó sé það „gegnsýrt af staðalímyndum kvenréttindabaráttu 8. áratugarins“. Sigríði finnst ekki mikið koma til skilaboða stúlkanna og segir að textinn virðist frekar hafa oltið upp úr kerlingum á hennar aldri en 15 ára stúlkum. Atriði stúlkanna var vafalaust innblásið af umræðu um bága meðferð kynferðisbrota á landinu undanfarnar vikur. Sigríði má málíka boðskapur grunnskólanemanna en vonandi er hún sammála því að jafnréttisbaráttan á langt í land innan réttarkerfisins. stefanrnf@frettabladid.is

Þorum að velja frið



Steinunn Þóra Árnadóttir
alþingismaður
Vinstri hreyfing-
arinnar – græns
framboðs

Á síðustu tveimur mánuðum hafa hryðjuverkasamtök sem kenna sig við íslamskt ríki, Daish, lýst ábyrgð á nokkrum stórum hryðjuverkaárásum. Þetta eru sprengjutílræði í Ankara, Beirút, fjöldamorð í Túnis, tortíming rússneskrar farþegaþotu og nú síðast fjöldamorð í París. Eru þá ótalin öll ódæðisverk þeirra í Sírylandi og Írak. Þótt tala fallinna í árásumum sé skelfileg er hún dropi í haf mannfallsins í styrjöldum sem geislað hafa í Mið austurlöndum og hafa með beinum og óbeinum hætti leitt til þessara hryðjuverkaárasa.

Innrásin í Írak 2003 er einhver stærstu mistök í sögu vestrannar utanríkisstefnu. Upplausnin sem af því leiddi gat af sér þessi illræmdu hryðjuverkasamtök og ýtti undir borgarastríðið í Sírylandi. Út úr því öngstræti átaka ólíkra vígahópa verður ekki komist nema með pólitískum leiðum. Öll stórveldi á svæðinu verða tafarlaust að hætta að hugsa fyrst og fremst um að ná fram eigin markmiðum og láta af því að vígbúa stríðandi fyllkingar.

Hryðjuverkaárásinar í París mega ekki verða til þess að stríðshráð og landflotta fólk verði fyrir aðkasti í Evrópu eða að stjórnvöld noti þau sem átyllu til að skjóta sér undan sammanlegri ábyrgð sinni á að hjálpa fólki í neyð. Samfélög Vestur-Evrópu verða jafnframt að vera meðvitund um þá hættu sem það hefur í för með sér ef einstakir þjóðfélagsþópar eru jadarsettir og eiga minni möguleika en aðrir, t.d. til menntunar og atvinnu, vegna fordóma og bágrar félagslegrar stöðu.

Raddir þeirra sem nota hryðjuverk og ótta til að réttlæta aðskilnað og sundurgreiningu hópa sem búa saman í samfélagi mega ekki verða ofan á. Með því að taka undir slíkan málflutning er í raun verið að fallast á sjónarmið ofstækismanna, hvaða nöfnum sem þeir nefnast. Sigurinn í baráttu gegn hryðjuverkum vinnst ekki með hernaði. Hann vinnst ekki heldur með vígvæðingu lögreglunnar, víðtækum njósum um borgarana eða hertu landamæraeftirliti. Hann vinnst með því að styrkja menntakerfi, heilbrigðiskerfi og velferðarkerfi og tryggja öllum þjóðfélagsþópum þátttöku í lýðræðislegu samfélagi.



Sigurinn í baráttu gegn hryðjuverkum vinnst ekki með hernaði.

„Barnaleg einfeldni“

Í DAG



Guðmundur
Andri Thorsson
rithöfundur

Forseti Íslands minnti á það í kjölfar hryðjuverkanna í París að hatursfullt tal um íslam og múslima almennt væri einungis vatn á myllu ódæðismannanna og til marks um að þeim hefði tekist ætlunarverk sitt. Fáir lögðu eyrun við þeim tímabæru varnaðarorðum, hvorki andstæðingar forsetans né aðdáendur. Þeim mun meiri athygli vakti hins vegar annað sem hann sagði af þessu tilefni í viðtölum hér og þar.

Það var eitthvað á þá leið að öfgafullt íslam sé „mesta vá okkar tíma“ og sá vandi verði ekki leystur með „barnalegri einfeldni“ eða „aðgerðum á sviði umburðarlyndis og félagslegra umbóta“.

Umburðarlyndi er dyggð

Við þessi orð er ýmislegt að athuga. Fyrst orðalagið: Forseti lýðveldisins á helst ekki að nota orð eins og „umburðarlyndi“ í neikvæðri merkingu. Það mætti meira að segja hæglega rökstyðja það að eitt helsta hlutverk forseta sé einmitt að hvetja landsmenn sína til umburðarlyndis gagnvart hver öðrum, en ekki að etja þeim saman. Kannski erfitt að vera „sameiningartákn“ nú á dögum en samt óþarfi að tala eins og „sundrunartákn“. Forseti lands, „ábyrgðarlaus gagnvart stjórnarathöfnum“, á helst ekki að tala inn í hugarfar eins hluta þjóðarinnar, og alls ekki þess hluta sem andvígur er „umburðarlyndi“. Umburðarlyndi er megin-dyggð.

Óheppilegt og hálfleiðinlegt er líka orðalagið um „barnalega einfeldni“; þar höfðar forsetinn til þeirra sem tíðrætt er um „naivismi“, sem lýsi sér til dæmis í meintu andvaraleysi gagnvart innflytjendum, eins og þeir séu stjórn málaflökkur en ekki bara alls konar fólk. Forseti Íslands mætti minnast þess að hann er líka forseti innflytjendanna og honum ber að koma í veg fyrir að þeir verði fyrir aðkasti að ósekju. Svona tal er ekki til þess fallið, nema síður sé. Og almennt talað: Það er ósiður að nota orð sem tengjast börnum og hinu barnalega í neikvæðri merkingu eða sem skammmaryrði. Þar eimir eftir af gamalla íslenskri barna-andúð. Það sýnir leiðinlegan þankagang og skilningsleysi á því mikla dýrmæti sem felst einmitt í tærum og frjóum barnshuganum og hinu barnslega viðhorfi. Ætli orðið „fréttabörn“ sé ekki ljótasta orð íslenskrar tungu?

Hatur er ódyggð

Það er eðlilegt að óttast hið ókunna og ekki endilega til marks um heimsku eða illt innræti. Það er mannlegt viðbragð, og óþarfa sjálfsupphafning að saka það fólk um „rasisma“ sem stendur beygur af ljótum og ankannalegum hugmyndum og þeim sem þær aðhyllast. Öfgafullt íslam er raunveruleg og hrikaleg vá þó að hún sé auðvitað ekki „mesta vá okkar tíma“. Eigi á annað borð að standa í slíkum jöfnuði – sem er afar hæpið að gera – er ýmislegt sem mannkyni stendur



Forseti Íslands mætti minnast þess að hann er líka forseti innflytjendanna og honum ber að koma í veg fyrir að þeir verði fyrir aðkasti að ósekju. Svona tal er ekki til þess fallið, nema síður sé.

meiri hætta af en íslamskir öfgamenn. Þar má nefna loftslagsvána, og gjörtækt hæfileikaleysi mannkyns til að horfast í augu við afleiðingarnar sem lífshættir þess hafa fyrir lífið á Jörðinni og framtíð mannkyns. Þessi vandi er miklu stærri þáttur í ófriðarblikum en nokkurn tímann rausið í Múhamed spámanni í sjálfu sér. Önnur ógn sem þarf að hafa í huga er sú ægilega misskipting auðs sem lýsir sér í eignarhaldi æ færri á æ stærri auðlindum og verðmætum; sú hugmynd að ranglæti borgi sig ævinlega en réttlæti verði aldrei við komið af því að það sé svo óhagkvæmt – hún getur ekki ekki annað en leitt stórfelldan ófarnað yfir mannkynið, stríð og hörmungar.

Og svo eru það vondu og spillandi hugmyndirnar: hatrið sem grasserar í skúmaskotum umræðu og samfélaga. Öfgafullt íslam er ein af hrikalegustu birtingarmyndum þess en alls ekki sú eina: þar sem ungt fólk (oft karlmenn) kemur sér saman um að búa sér til andstæðing sem ekki hafi sama rétt til að lifa og þeir sjálfir; og þeir sjálfir séu á guðs vegum þegar þeir taki sér rétt til að binda enda á líf annarra.

Við sjáum þetta í mönnum eins og Breivik í Noregi. Við sjáum þetta í Svíþjóð og Finnlandi og fyrrum kommúnistaríkjum þar sem fasískum hreyfingum vex fiskur um hrygg. Við sjáum þetta í vopnavæðingu hatursfullra manna í Bandaríkjunum. Rugluð ungmenni ganga þar inn í skólastofur og skjóta allt sem fyrir verður. Framferði þeirra er hryllilegt og óskiljanlegt en ég er samt ekki í þriðju heimsstyrjöldinni við þau.

